LÖG

um breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Um útlendinga sem falla undir EES-samninginn eða stofnsamning EFTA gilda sérreglur, sbr. ákvæði VI. kafla.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Útlendingur, sem fellur undir reglur EES-samningsins (EES-útlendingur) eða stofnsamnings EFTA (EFTA-útlendingur), má koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast eða starfa hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu hans til landsins, eða allt að sex mánuðum ef hann er í atvinnuleit. Dvöl í öðru norrænu landi skal ekki draga frá dvalartímanum.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Útlendingur, sem hvorki er ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis né aðstandandi slíks borgara, má koma til landsins án sérstaks leyfis til að veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári hafi hann leyfi sem jafngildir óbundnu atvinnuleyfi í EES- eða EFTA-ríki og er ráðinn hjá aðila sem veitir þjónustu og hefur staðfestu eða starfsemi þar.

c. Í stað orðsins „EES-útlendingur“ í 2. mgr. (sem verður 3. mgr.) kemur: EES- eða EFTA-útlendingur.

3. gr.

Í stað orðsins „EES-útlendingur“ í upphafi 1. mgr. 36. gr. laganna kemur: EES- eða EFTA-útlendingur, þó ekki útlendingur sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

4. gr.

Í stað orðsins „EES-útlendingi“ í 1. og 3. mgr. 42. gr. og 1. og 3. mgr. 43. gr. laganna kemur: EES- eða EFTA-útlendingi.

5. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Sérreglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).**

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2003.

Davíð Oddsson. **Halldór Blöndal.** (L. S.) **Guðrún Erlendsdóttir.**

Sólveig Pétursdóttir.

20. mars 2003. Nr. 28

LÖG

um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Nýr töluliður bætist við 2. mgr. 21. gr. laganna, svohljóðandi: Staðfesting á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

2. gr.

4. tölul. 2. mgr. 64. gr. laganna verður svohljóðandi: Staðfestingar á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

3. gr.

4. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna verður svohljóðandi: Staðfestingar á aðild að Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 22. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörsfulltrúa í sérhverju aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og Fríverslunarsamtaka Evrópu og um nafn og aðsetur fulltrúa hér á landi sem hefur með höndum tjónsuppgjör, sbr. 5. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.